



Greinargerð með fjárhagsáætlun 2018-2021

Íbúum í Skaftárhreppi hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár og gera spár ráð fyrir áframhaldandi fjölgun íbúa. Sveitarsjóður hefur skilað riflegum afgangi síðust tvö ár sem gerir sveitarfélaginu kleift að ráðast í talsverðar fjárfestingar árið 2018 án þess að fara í nýjar lántökur. Einnig verður lögð áhersla á viðhald fasteigna í eigu sveitarfélagsins bæði með fjölgun starfsmanna og auknu fjármagni til viðhaldsverkefna. Framkvæmdir vegna lagningar ljósleiðara á Austur-Síðu munu hefjast í byrjun árs og er vinna við skipulagningu á lagningu fleiri leiða hafin. Bygging er hafin á þremur nýjum íbúðum á Skaftárvöllum og mikil eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2018 fyrir samantekin A og B hluta:

- Niðurstaða án fjármagnsliða 52.693 þús.kr.
- Fjármagnsliðir 9.306 þús.kr.
- Rekstrarniðurstaða 43.387 þús.kr.
- Veltufé frá rekstri 47.041 þús.kr.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum á tímabilinu heldur verða fjárfestingar fjármagnaðar með handbæru fé. Fjárfestingar eru áætlaðar 160.566 þús.kr.

Fjögurra ára áætlun er gerð á föstu verðlagi og miðast við áætlun 2021.

Í greinargerðinni er farið yfir helstu forsendur fjárhagsáætlunar og áætlaðar breytingar einstakra málaflokka.

Helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2018 og þriggja ára áætlunar 2018-2021

Reiknað verður með 2,7 % almennum verðlagsbreytingum 2018 og öðrum verðlagsbreytingum samræmi við þjóðhagsspá Hagsstofu Íslands til 2021. Launabreytingar eru áætlaðar 6,5%.

Skatttekjur

Útsvar

Útsvarshlutfall verður áfram í hámarki eða 14,52%. Útsvar fyrir 2017 var talsvert hærra en gert hafði verið ráð fyrir. Áætluð staðgreiðsla tekjuárið 2018 miðar við hækkun tekna um 8% og er þá bæði tekið tillit til launaþróunar og íbúafjölgunar.

Fasteignaskattur

Hækkun á fasteignamati verður 16% sem mun skila sér til samsvarandi hækkunar á fasteignaskattstekjum sveitarfélagsins. Álagning vegna fasteignagjalda verður áfram sú sama og verið hefur;

Fasteignagjöld skv. a- lið, íbúðir og útihús, 0,625%

Fasteignagjöld skv. b- lið, opinbert húsnæði, 1,32%

Fasteignagjöld skv. c- lið, atvinnuhúsnæði, 1,65%

Holræsagjald verði 0,25% af fasteignamati húss og lóðar á Kirkjubæjarklaustri.



Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Ekki verða miklar breytingar á greiðslum frá Jöfnunarsjóði milli ára. Miðað við þá áætlun sem sjóðurinn sendi frá sér í nóvember sl. verður framlagið 2017 107.355 þús.kr.

Útgjaldaliðir

Félagsþjónusta

Gert er ráð fyrir að starfshlutfall í félagslegri heimaþjónustu verði aukið í 50% fyrir mitt ár 2018. Horfið hefur verið frá því að tengja starfið við starfsemi Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla. Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar fær styrk á móti húsaleigu líkt og undanfarin ár ásamt niðurfellingu skuldar sem samið var um 2016. Félag eldri borgara fær styrk til sumarferðar ásamt styrk til kaupa á nýju sjónvarpi.

Fræðslu- og uppeldismál

Útgjöld til fræðslu- og uppeldismála eru að aukast um 13% á milli ára sem skýrist aðallega af aukningu stöðugilda á leikskólanum með mikilli fjölgun ungra barna. Áætlað er að fjöldi stöðugilda við leikskólann árið 2018 verði 8 talsins með stjórnanda en hafist verður handa við viðbyggingu leikskólans snemma á nýju ári.

Menningarmál

Menningarmálin eru að mestu óbreytt á milli ára en gert er ráð fyrir að menningarmálanefnd hafi möguleika á að standa fyrir uppákomum fyrir íbúa fyrir utan árlega uppskeruhátíð.

Æskulýðs- og íþróttamál

Gert er ráð fyrir auknum launakostnaði íþróttamiðstöðvar vegna opunar á sunnudögum allt árið í stað hluta úr ári áður. Áfram verður unnið að því að skipuleggja og undirbúa svæði fyrir íþróttastarf í sveitarfélaginu.

Brunamál og almannavarnir

Starfshlutfall slökkviliðsstjóra verður aukið úr 8,33% í 30% á árinu 2018 í tengslum við eldvarnareftirlit sem framvegis verður á höndum slökkviliðsstjóra. Einnig er gert ráð fyrir kaupum á búnaði.

Hreinlætismál

Gjaldskrá vegna sorphirðu og sorpeyðingar tekur ekki breytingum 2018 en sorphirðuaðili mun framvegis sjá um rúkkun sorpeyðingargjalda fyrirtækja. Breytingin felur í sér betra utanumhald um magn þess sem kemur frá fyrirtækjum til sorpeyðingar. Farið verður aftur í hreinsunaráttak sumarið 2018 og verður það með svipuðu sniði og síðasta sumar.

Skipulags- og byggingarmál

Gert er ráð fyrir að haldinn verði skipulagsdagur með íbúum í Skaftárhreppi á næsta ári sem mæltist vel fyrir 2017. Áfram verður auglýst eftir skipulags- og byggingarfulltrúa og stefnt er að því að ráða skipulags- og byggingarfulltrúa í fullt starf á næsta ári.

Umhverfismál

Auglýst verður eftir félagasamtökum til að taka að sér ýmiskonar verkefni í tengslum við fegrun umhverfisins. Hækkuð verður greiðsla verðlauna fyrir unna refi og minnka sem virðist hafa fjölgað umtalsvert á milli ára.



Skaftárhreppur

Atvinnumál

Í fjárgirðingar og viðhald rétta verður gert ráð fyrir lagfæringu á Skaftárrétt en einnig er gert ráð fyrir fjármagni í önnur verkefni tengd lagfæringum á girðingum og réttum að upphæð 800 þús. Framlög til annarra stofnanna verða eftirfarandi;

Katla jarðvangur er áætlað 3.500 þús.kr.

Friður og frumkraftar 2.000 þús.kr.

Kirkjubæjarstofa 2.000 þús.kr

Náttúrustofa Suðausturlands 2.655 þús.kr.

Sameiginlegur kostnaður

Gert er ráð fyrir kostnaði vegna námskeiðahalds fyrir starfsfólk sveitarfélagsins í tengslum við fræðsluáætlun sem unnin var í samstarfi við Fræðslunet símenntun á Suðurlandi fyrr á þessu ári. Einnig verður gert ráð fyrir kostnaði í tengslum við árshátíð fyrir starfsmenn sveitarfélagsins. Tveir starfsmenn verða ráðnir í viðhaldsverkefni sveitarfélagsins til að stuðla að framgangi þeirra þar sem mikið álag er á verktökum á svæðinu.

B-hluta fyrirtæki

Fjárfest verður í tveimur íbúðum sem ætlaðar eru til leigu fyrir starfsmenn sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að selja Skerjavelli 1 sem komnir eru á talsvert viðhald.

Framkvæmda og fjárfestingaráætlun

Alls er gert ráð fyrir viðhaldsverkefnum að fjárhæð 32 millj. kr. Farið verður í viðhald í Kirkjubæjarskóla, lokið við að komast fyrir leka á íþróttahúsi, lagfæring á rakaskemmdum og málun í íþróttahúsi og sundlaug, lagfæring á þaki á fyrrum ráðhúsi, klæðning löguð á Klausturvegi ásamt fleiru;

Verkefni	kostn. í þús.kr.
Kirkjubæjarskóli	10.300
Íþróttahús	3.500
Sundlaug	3.000
Ráðhús	1.000
Fél.h.Kirkjuhvoll	500
Klausturvegur	8.500
Kæribær	1.750
Gámasvæði	1.500
Bókasafn	500
Tungusel	400
Múlakotsskóli	500
Klausturhólar 1 og 2	500
Samtals	31.950

Góð afkoma sveitarfélagsins síðustu þrjú ár gerir sveitarfélaginu kleift að ráðast í umtalsvert meiri fjárfestingar en verið hefur. Fjölgun íbúa og ásamt aukinni ferðamennsku á svæðinu leiðir



Skaftárhreppur

af sér að ráðast þarf í ánægjuleg uppbyggingarverkefni. Farið verður í að byggja við Heilsuleiksskólann Kærabæ í byrjun ársins, kaup á íbúðum, lagning nýrra gangstétta, klæðningu á Klausturveg, lagfæring á aðkomu íþróttahúss og sundlaugar ásamt fleiru. Áfram verður unnið að bættri nýtingu skólahúsnæðisins með tilkomu þekkingarseturs og hafist verður handa við undirbúning viðbyggingar. Stefnt er að flutningi skrifstofu sveitarfélagsins í heimavistarálmu skólans sem hluta af því verkefni ásamt uppsetningu á lyftu. Lokið verður við gámasvæði með uppsetningu girðingar, lagfæringu á mön ásamt merkingum. Einnig er gert ráð fyrir myndavélakerfi á gámasvæði ásamt ýmsum fleiri verkefnum;

Fjárfesting	kostn. í þús.kr.
Gatnagerð Skaftárvellir	20.000
Lyfta grunnskóli	36.000
Skrifstofa	8.400
Myndavél gámasvæði	2.500
Aðkoma að íþróttahúsi og sundlaug	20.000
Gangstéttir Skriðuvellir og Skaftárvellir	7.000
Þeytivinda f/sundföt	600
Hesthús Miklafell	1.500
Salerni niðri KBS	6.000
Viðbygging leikskóli	13.500
Kaup á 2x íbúðum	45.066
Fjárfestingar samtals	160.566